

REGLUGERÐ15
18. marz

um

breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.
frá 4. september 1930.

1. gr.

Í fyrstu málsgrein 6. gr. komi dilkær fyrir diltar.

2. gr.

Aftan við 16. gr. bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Nú verða hreppstjórar þess áskynja að einhverjum beri að greiða hálf fjallskil í hreppnum, sbr. 14. gr., skulu þeir þá senda hver öðrum skýrslu um þann fénað, sem ber að greiða hálf fjallskil fyrir, og tilkynna hreppstjórnarnir aftur viðkomandi hreppsnefndum tölu fénaðarins og nafn og heimilisfang eiganda. Skýrslur þessar séu, ef unnt er, sendar svo snemma, að þær komist í hendur hreppsnefnda áður en fjallskilaniðurjöfnun fer fram. Takist það ekki leiðréttir hlutaðeigandi hreppsnefnd fjallskilaniðurjöfnunina síðar, eftir því sem skýrslurnar gefa tilefni til.

3. gr.

Aftan við 37. gr. bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Ennfremur lætur hreppsnefnd eða fjallskilastjórn nálgast hross, sem sett eru í gæzlu í nærliggjandi hreppum við hinar lögskipuðu hrossasmalanir. Að öðru leyti bera fjallskilasjóðir engan kostnað, eða hafa umsjón með því að nálgast skepnur, sem koma fyrir á öðrum árstímum, eða í öðrum héruðum, en þeim, þar sem hirt er í réttum og á sölubingum, sbr. þó 47. gr.

4. gr.

Á eftir orðunum í 2. málsg. 41. gr.: „Undanþeginn þessu ákvæði er Kirkjuhvammshreppur“ komi „og Þverárhreppur“.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.